

HAE





GÖÖGN

HVAÐ ERU GÖGN?

Gögn eru óunnar skráningar staðreynda.

Oft eru gögn tölulegt efni sem er kerfisbundið safnað saman.

Upplýsingar eru safn mótaðra gagna.

Gögnin eru mótuð og framsett þannig að manneskjur geta skilið þau.

Þekking eru samanlagðar upplýsingar um og hæfileikinn til að skilja heiminn í kringum sig.

Upplýsingar eru settar í samhengi við skilning manneskju á heiminum.

HVAÐA AÐILAR NOTA GÖGN?

ALLIR

sem vilja skilja eitthvað eða *hjálpa öðrum að skilja*

HVERNIG NÝTAST GÖGN?

GREINING



MENNTAMÁLASTOFNUN

Víkurbær 3 • 203 Kópavogi

postur@mms.is • www.mms.is

(+354) 514 7500

Greining á árangri nemenda í skólum sem tekið hafa þátt í Byrjendalæsi

Í tengslum við undirbúning að aðgerðaáætlun um eflingu læsis í kjölfar Hvítbókar, óskaði vinnuhópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir að Námsmatsstofnun skoðaði árangur skóla sem tekið hafa þátt í verkefninu Byrjendalæsi. Drög að greiningunni lágu fyrir í júní sl. en lokahönd var lögð á verkið hjá nýrri Menntamálastofnun í ágúst að fenginni umsögn Háskólans á Akureyri.

Byrjendalæsi er svokölluð samvirk kennsluáferð þar sem lestur, ritun, hlustun, tal og sjónræn viðfangsefni eru tengd saman við lestrarkennslu. Áferðin hefur verið þróuð innan Háskólans á Akureyri og er aðallega ætluð fyrir fyrsta og annan bekk grunnskóla. Fyrstu skólarnir hófu að kenna með Byrjendalæsi haustið 2005. Þátttökuskólum hefur smám saman fjölgað og hefur áferðin nú verið innleidd í um 80 grunnskólum hér á landi.


Við mat á því hverju þátttaka í Byrjendalæsi hefur skilað í frammistöðu nemenda var skoðaður námsárangur nemenda í þeim skólum sem hafa unnið með áferðina í fjögur ár eða lengur en það eru alls 38 skólar. Ein leið við mat á því er að skoða árangur þeirra á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk. Til samanburðar voru notaðir nemendur sömu skóla frá því áður en Byrjendalæsi var tekið upp. Kostur þess að styðjast við þennan samanburðarhóp er að þá hafa báðir hópar svipaðan bakgrunn. Upplýsingar um þessa 38 skóla bárust frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Bornar voru saman einkunnir nemenda á samræmdum prófum í 4. bekk í hverjum skóla fyrir innleiðingu áferðarinnar við einkunnir ár frá ári eftir innleiðingu. Nánari upplýsingar um uppsetningu gagnasafns og fjölda nemenda sem lágu til grundvallar greiningunni má finna í viðauka. Kannaðar voru einkunnir í íslensku ásamt lesskilningsþætti íslenskuprófs og einnig stærðfræði til viðmiðunar. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 1.


NÝ SÝN

Hvar eru áramótabrennurnar?

Áramótabrennurnar í Reykjavík eru á hefðbundnum stöðum og með svipuðu sniði ár hvert. Á gamlárskvöld 2013 eru þær á þessum stöðum:

- 1) Við **Ægisíðu**, stór brenna.
- 2) **Skerjafjörður** gegnt Skildinganesi 48 - 52, lítil brenna.
- 3) Við **Suðurhlíðar**, neðan við Fossvogskirkjugarð, lítil brenna.
- 4) Vestan **Laugarásvegjar** móts við Valbjarnarvöll, lítil brenna.
- 5) **Geirsnef**, stór brenna.
- 6) Við **Suðurfell**, lítil brenna.
- 7) **Fylkisbrennan** við Rauðavatn, stór brenna.
- 8) **Gufunes** við gömlu öskuhaugana, stór brenna.
- 9) **Kléberg** á Kjalarnesi, lítil brenna.
- 10) **Úlfarsfell** á athafnasvæði Fisfélagsins ofan við Lambhagaveg, lítil brenna (tendrað kl. 14.30)





Skerjafjörður er brennan sem er næst þér


Staðsetningarbúnaður í vafra er ekki nákvæmastur í heimi þannig að þetta þarf ekki að vera brennan sem er næst þér.

Við finnum bara brennur í Reykjavík, eina sveitarfélaginu sem hefur **opnað gögnin sín**.




Mundu að styrkja
Slysavarnarfélagið
Landsbjörg með
flugeldakaupum!

Percentage of proprietary statin prescribing by CCG Sep 2011 - May 2012




MONTY PYTHON

NÝSKÖPUN



ÍSLENSKT LYKLABORÐ Í ANDROIDSÍMA



ÍSLENSKT LYKLABORÐ Í UBUNTUSÍMA

**HVAÐ GERIST EF GÖGNIN
INNIHALDA VILLUR?**



Sólurgata

Sólurgata

Tjarnargata

Vonarstræti

Kirkjustræti

Tjarnargata

Vonarstræti

Templarasund

Tjarnargata

Vonarstræti

Reykjavíkurtjörn

7 10 10a 10b 10c 10d 13 15

Ráðhús Reykjavíkur

Ráðhús Kaffi

Alþingishúsið

Alþingisgarðurinn

Bergsson Mathús

Vinbarinn

5 4

lónið

Tjarnarskóli

Möðra

Vesuribær Vesuribær

Tjarnargata

P

P

P

P

P

P

P

P

Ráðhúsið

Ráðhúsið

Ráðhús Kaffi

Vinbarinn

Bergsson Mathús

lónið

Dóki


Kirkjubær

Tjarnarskóli

Möðra



**HVAÐA GÖGN ÆTTU FÁIR AÐ
KOMAST Í?**



**HVAÐA GÖGN SJÁ OPINBERIR
AÐILAR UM?**

Stjórnsýsla

Útgjöld, fjárlög, skipurit, orkunotkun, stofnanir, tengiliðir

Þjónusta

Sorphirða, innganga í skóla, sektir, leyfi, húsnæðisframboð

Lýðfræði

Atvinnutegundir, tekjur, aldur, húsnæðismál, föst stöðugildi

Lýðræði

Kosninganiðurstöður, þingmenn, fundardagsetningar

Landupplýsingar

Opinberar byggingar, garðar, hjólreiðastígar, stoppistöðvar

Umhverfi

Loftmengun, vatnsgæði, jarðskjálftar, sýkt land

Rauntími

Umferð, bílastæði, órekjanleg umferðargögn

Áætlanir

Umsóknir, húsnæðismál, landnotkun, rammaáætlanir, almannavarnir

**OPIN
GÖÖGN**



Mynd eftir cheeseslave á Flickr.com (cc-by)

Stjórnsýsla

Útgjöld, fjárlög, skipurit, orkunotkun, stofnanir, tengiliðir

Þjónusta

Sorphirða, innganga í skóla, sektir, leyfi, húsnæðisframboð

Lýðfræði

Atvinnutegundir, tekjur, aldur, húsnæðismál, föst stöðugildi

Lýðræði

Kosninganiðurstöður, þingmenn, fundardagsetningar

Landupplýsingar

Opinberar byggingar, garðar, hjólreiðastígar, stoppistöðvar

Umhverfi

Loftmengun, vatnsgæði, jarðskjálftar, sýkt land

Rauntími

Umferð, bílastæði, órekjanleg umferðargögn

Áætlanir

Umsóknir, húsnæðismál, landnotkun, rammaáætlanir, almannavarnir

McKinsey Global Institute
McKinsey Center for Government
McKinsey Business Technology Office



October 2013

Open data: Unlocking
innovation and performance
with liquid information

\$3–5,000,000,000,000

OPIN GÖGN

Gögn eða efni er talið **frjálst/opið** ef hver sem er má nota gögnin/efnið, endurnota, og dreifa þeim/því – þar sem það er aðeins háð þeim takmörkunum að það þurfi að geta höfundar og/eða dreifa með sömu skilmálum.

MEGINREGLUR SUNLIGHT

Tæmandi

Fordómalaust

Upprunalegt

Notkun sameiginlegra staðla

Tímanlega birt

Opið leyfi

Auðveldur efnislegur og
rafrænn aðgangur

Varanleiki

Véllæsileiki

Enginn notkunarkostnaður

Deila



Safna



Nota



DataBC

Search

What is DataBC?

DataBC Catalogue

Geographic Services

Community

Contact

B.C. Home >



Open Data Initiative

DataBC provides a wide variety of open data from the Province of BC. You can search the catalogue, download and connect to data that is free to use under the [Province's Open Government License](#) (PDF)

[Learn more about the open data](#)

[License](#) (PDF)

What is DataBC?

Open Data Initiative


Geographic Services



Datasets

Applications & Web Services



Greater Mekong Subregion: Forecast Traffic Growth, 2004–2015








HVAÐ SEGJA ÍSLENSK LÖG?


OPIN GÖGN

Gögn eða efni er talið **frjálst/opið** ef hver sem er má nota gögnin/efnið, endurnota, og dreifa þeim/því – þar sem það er aðeins háð þeim takmörkunum að það þurfi að geta höfundar og/eða dreifa með sömu skilmálum.






Lesi




Afrita og dreifa




Endurblanda og endurnota



Breyta



SÖMU DREIFINGARSKILMÁLAR




ENGIN AFLEIDD VERK



kr.

GJALD



HÖFUNDAR GETIÐ



EKKI Í HAGNAÐARSKYNI

Flókin skilmálablöndun



WIKIPEDIA
The Free Encyclopedia

- Main page
- Contents
- Featured content
- Current events
- Random article
- Donate to Wikipedia

- Interaction
 - Help
 - About Wikipedia
 - Community portal
 - Recent changes
 - Contact page
- Tools
- Print/export
- Languages
 - Български
 - Català
 - Deutsch
 - Español
 - Français

Create account Log in

Article **Talk**

Read **Edit** View history

Search


Open data

From Wikipedia, the free encyclopedia

Open data is the idea that certain **data** should be freely available to everyone to use and republish as they wish, without restrictions from **copyright**, **patents** or other mechanisms of control.^[1] The goals of the open data movement are similar to those of other "Open" movements such as **open source**, **open hardware**, **open content**, and **open access**. The philosophy behind open data has been long established (for example in the **Mertonian tradition of science**), but the term "open data" itself is recent, gaining popularity with the rise of the **Internet** and **World Wide Web** and, especially, with the launch of open-data government initiatives such as **Data.gov** and **Data.gov.uk**.

Contents [hide]

- Overview
- Major sources of open data
 - Open data in science
 - Open data in government
- Arguments for and against open data
- Relation to other open activities
- Funders' mandates
- Closed data
- Organisations promoting open data
- See also
- References
- External links



An introductory overview of Linked Open Data in the context of cultural institutions.





Unavailable for legal reasons



<http://peterdesmet.com/posts/illegal-bullfrogs.html>

30. gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012

Almennir skilmálar fyrir endurnotum opinberra upplýsinga.

Heimilt er að endurnota opinberar upplýsingar sem eru almenningi aðgengilegar lögum samkvæmt, enda séu eftirfarandi skilyrði ávallt uppfyllt:

1. Endurnot upplýsinganna mega ekki brjóta í bága við lög, þ.m.t. ákvæði almennra hegningarlaga, höfundalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða réttindi þriðja manns.
2. Geta skal uppruna upplýsinganna.
3. Skýrt skal koma fram hver ber ábyrgð á vinnslu upplýsinganna þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar.

Leiðbeiningar varðandi endurnot opinberra upplýsinga Útgáfa 1.0

Þessar leiðbeiningar byggja á VII. kafla upplýsingalaga nr.140/2012. Einnig var höfð hliðsjón af breska „Open government licence“

Rétthafi upplýsinga/efnis sem þessar leiðbeiningar ná yfir **hvetur alla** til **að nota og endurnýta þær/það með hvaða hætti sem er.**

Rétthafi upplýsinganna/efnisins (hér eftir kallað „upplýsingarnar“) gefur **ótímabundna heimild til varanlegrar notkunar** upplýsinganna hvar sem er, **án gjaldtöku**. Hann **gefur eftir einkarétt sinn**, sé honum til að dreifa, **að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.**

Þessar leiðbeiningar skerða ekki réttindi sem notandi nýtur nú þegar samkvæmt íslenskum lögum.

„Hvað má“-skilyrðin

Notandi má:

- afrita, birta, senda upplýsingarnar og dreifa þeim,
- aðlaga upplýsingarnar og
- nýta upplýsingarnar, þar með talið í hagnaðarskyni, til dæmis með því að setja þær saman við aðrar upplýsingar eða með því að sameina þær annarri vöru eða hugbúnaði.

„Hvað þarf að passa“-skilyrðin

Notandi verður að:

- taka fram hver uppruni upplýsinganna er og mælt er til þess að það sé gert með þeim hætti sem rétthafi upplýsinganna biður um

Ef rétthafinn hefur ekki óskað eftir að uppruni upplýsinganna verði tilgreindur með ákveðnum hætti má nota eftirfarandi tilvitnun: „Byggir á upplýsingum frá“ og nafngreina þar á eftir rétthafa upplýsinganna.

Í þeim tilfellum þar sem upplýsingarnar koma frá mörgum rétthöfum, eru endurnýttar í einu verki og erfitt er að telja þá alla upp, nægir að nota tengil á vefslóð sem inniheldur tilvísun til allra rétthafa upplýsinganna.

Einnig er mælt til þess að vísað sé í þessar leiðbeiningar.

„Láta vita“-beiðnin

Tilkynningar

Ef notandi verður var við að upplýsingarnar hafi að geyma eftirfarandi þætti sem **rétthafi má ekki veita heimild til varanlegrar notkunar á**, er **mælt til þess að notandi geri rétthafa viðvart**:

- persónuupplýsingar
- einkennismerki opinberra aðila eða skjaldarmerki nema þar sem þau geta talist mikilvægur hluti af skjalinu eða gagnasafninu
- réttindi þriðja aðila sem rétthafi upplýsinganna hefur ekki heimild til að veita aðgang að
- efni undir öðrum hugverkarétti eins og einkaleyfi, vörumerki eða hönnun
- auðkennandi skjöl, svo sem vegabréf

„Engin tengsl“-útskýringin

Ekkert samþykki

Notkun upplýsinganna gefur notanda hvorki heimild til þess að gefa til kynna að hann sé í opinberri stöðu né að rétthafi hafi samþykkt notkun hans á upplýsingunum sérstaklega.

„Þetta eru bara gögn“-útskýringin

Engin ábyrgð

Upplýsingarnar **veita notanda ekki heimild til framkvæmda eða aðgerða sem annars eru ólöglegar eða þarfnast sérstakra leyfa.**

Rétthafi upplýsinganna er undanskilinn fyrirsvári, ábyrgð, skyldum og skaðabótum í tengslum við upplýsingarnar að því marki sem lög leyfa.

Rétthafi upplýsinganna **ber ekki ábyrgð á villum eða vanskráningu í upplýsingunum** og er ekki ábyrgur fyrir neinu tjóni, meiðslum eða skaða sem hlýst af notkun þeirra. Rétthafi upplýsinganna ábyrgist ekki áframhaldandi aðgengi að upplýsingunum.

ENDURNOT



SKOÐANARÓF

Mynd eftir Thomas Bresson á Flickr.com (cc-by)

„Ég hef lært fullt á þessu námskeiði“

**„Ég er ekki með nein áhugaverð
gögn“**

**„Ég er besti aðilinn til að vinna með
gögnin mín“**

**„Gögnin mín eru ekki nógu góð, t.d.
hvað varðar gæði, til að aðrir geti
notað þau“**

**„Ég kann og get notað gögnin mín
með allskonar tólum“**

„...“

„Ég veit hvað véllæsilegt er“

	A	B	C	D	E	F	G	H	I
1		Landgrabber	e	C t	Hectares	ducti	ted investment	Status of des	Summary
2		Al Qudra	E	r e a	31000	olive oil, potatoes		Done	<p>Dhabi in 2005. In February 2008, the company told Le Monde that it had acquired concessions covering 31,000 ha of agricultural lands in Algeria where it intends to produce potatoes, olives and dairy. It also said that it was planning to set up a joint venture with Moroccan investors to produce olive oil on 14,000 ha in Morocco. In September 2009, The National reported that Al Qudra was considering buying land in Pakietga, Syria, Vietnam. The Angolan government had approved CAMCE's proposed project to construct a rice mill in Longa and establish a 1,500-ha pilot rice farm in</p> <p>The project is a joint venture between Sonangol, an Angolan state-owned company responsible for the exploration, production and transportation of hydrocarbons in Angola, and ENI, one of the world's largest oil companies. In December 2011, the two companies signed an agreement for the execution of a pilot project in food and biodiesel production.</p> <p>company acquired a 50-year lease on 5,000 ha of land near the city of Ambriz in Bengo Province, Mozambique. It intends to expand to</p> <p>In 2011, Portuguese entrepreneur Eurico Ferreira announced plans to invest \$200 million in Mozambique. The project is a joint venture between the Mozambique government and</p>
3		neering Co. Ltd	a	r u	1500	oes	US\$77 million	Done	
4		ENI	y	E n e r g y	12000	Oil palm		In process	
5		AfriAaro	a	r	5000	palm	\$30-35 million	Done	
6		Eurico Ferreira	a	r e c o m m u	30000	Sugar cane	US\$200 million	Done	

Blendingsmál (pseudocode)

Ef setning = „open data“:

 Skrifa á skjáinn „opin gögn“

En ef setning = „public data“:

 Skrifa á skjáinn „opinber gögn“

Annars:

 Skrifa á skjáinn „veit ekki“

Styrkveitingar

„veittirstyrkir.csv“

```
"Ár";"Afturelding";"Kyndill";"Kjölur";"Hörður";"Mosverjar"  
"2014";1000;2000;3000;4000;5000  
"2015";6000;7000;8000;9000;10000
```

Veittir styrkir til æskulýðs- og íþróttamála 2013-2017

Styrkveitingar

„veittirstyrkir.csv“

```
"Ár", "Félag", "Upphæð"  
"2014", "Afturelding", 1000  
"2014", "Kyndill", 2000  
"2014", "Kjölur", 3000  
"2014", "Hörður", 4000  
"2014", "Mosverjar", 5000  
"2015", "Afturelding", 6000  
"2015", "Kyndill", 7000  
"2015", "Kjölur", 8000  
"2015", "Hörður", 9000  
"2015", "Mosverjar", 10000
```


mótuď

shp

kml

geojson

xls

csv

xml

rdf

html

lokuď

opin

ppt

doc

pdf

txt

tiff


gif


png

jpg

ómótuď









Mynd eftir Pete á Flickr.com (cc-by)



Mynd eftir graibeard á Flickr.com (cc-by-sa)



STEFNUR

Aðgangur að opinberum upplýsingum og gagnagrunnum í öndvegi.


Almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að ópersónubundnum upplýsingum og skráum í vörslu ríkis og sveitarfélaga. Mótuð verði stefna ríkis og sveitarfélaga um opin gögn og sett upp ein gátt fyrir aðgang að slíkum gögnum/gagnagrunnum.

Opna þarf gögn borgarinnar eins og hægt er til að gefa öllum færi á að rýna þau og nýta sér þau á nýstárlegan hátt sem borgin sér ekki sjálf fyrir eða leggur ekki út í.

- Upplýsingar, þ.m.t. fjárhagsupplýsingar, séu aðgengilegar á opnum gagnasniðum á tölvutæku formi eftir því sem við verður komið. Miðlægur listi yfir öll slík gagnasöfn sé einnig aðgengilegur.
- Opin gagnasöfn skulu vera á stöðluðu og viðurkenndu formi svo þau nýtist sem flestum við að skapa ný verðmæti úr upplýsingum með því að nýta þau á margvíslegan hátt.
- Opin gögn séu ósíuð, nema að því marki sem nauðsynlegt er til að þau séu í samræmi við kröfur laga, til að mynda persónuverndarlög.
- Aðgangur að opnum gögnum sé almennt gjaldfrjál. Kostnaður sé bundinn við það sem til fellur við að taka saman gögnin.
- Endurútgáfa og dreifing opinna gagna sé frjál.









Góðan daginn. Ég heiti Tryggvi Björgvinsson og sé um kennsluna hérna í dag.

Ég er tölvu- og hugbúnaðarverkfræðingur. Á daginn vinn ég sem deildarstjóri upplýsingatækni og miðlunar hjá Hagstofu Íslands en á kvöldin og um helgar hleyp ég um með ímyndaða ofurhetjuskikkju og þykist frelsa heiminn með tölvukunnáttunni minni, þegar ég er ekki upptekinn við að sjá um dæturnar mínar.

Verið velkomin hingað í dag. Ég vona að þetta muni verða hjálplegt. Endilega verið duglega að spyrja mig og þá er betra að trufla og spyrja strax um það sem við erum að tala um heldur en að bíða þangað til eftir að við höfum talað um allt. Ég er samt með reglur: Sammála, Svar við þessu, tæknimál.

Allaveganna, við skulum byrja.



Vandamálið með fyrsta kaffibollann á morgnanna er að heilinn er ekki kominn í gang af því að maður hefur ekki fengið fyrsta kaffibollann.

Nú hafið þið örugglega fengið ykkur fyrsta kaffibollann en samt ætla ég til þess að koma heilabúinu í gang að byrja morguninn á því að spyrja fullt af spurningum.

Þetta verður meira samtal á milli okkar en ég myndi samt vilja heyra frá sem flestum.

Ég mun svo gefa ykkur mína sýn á spurningarnar og ég er að taka smá áhættu um að ég gleymi engu en það gæti sem sagt komið upp að ykkur dettur eitthvað í hug sem ég setti ekki í glærurnar en það er bara betra því þá fæ ég líka tækifæri til að læra af ykkur.

GÖGN

Allar spurningarnar munu snúast að einhverju leyti um gögn almennt.

Dembum okkur í þetta.

HVAÐ ERU GÖGN?

Fyrsta spurning: Hvað eru gögn?

Hver er munurinn á gögnum, upplýsingum og þekkingu?

Gögn eru óunnar skráningar staðreynda.

Oft eru gögn tölulegt efni sem er kerfisbundið safnað saman.

Upplýsingar eru safn mótaðra gagna.

Gögnin eru mótuð og framsett þannig að manneskjur geta skilið þau.

Þekking eru samanlagðar upplýsingar um og hæfileikinn til að skilja heiminn í kringum sig.

Upplýsingar eru settar í samhengi við skilning manneskju á heiminum.

Þetta er skilgreining á þessum þremur hugtökum.

Þessi skilgreining er notuð víða, kannski ekki orðuð nákvæmlega svona en uppbyggingin er þessi:

Gögn verða að upplýsingum sem verða að þekkingu.

Takið eftir að ég segi að gögnin séu óunnin. Sumir kalla þetta hrágögn en í mínum huga er samantekt, eða ef ég sletti aggregeruð gögn, orðin að upplýsingum. Þá er búið að móta þau og setja fram á skiljanlegri hátt.

Þekking er svo þegar við setjum upplýsingarnar í samhengi og skiljum heiminn í kringum okkur betur, þegar við lærum af upplýsingunum.

HVAÐA AÐILAR NOTA GÖGN?

Hver nota gögn?

Ég er ekki beint að leita að nafgreiningu heldur yfirflokkum eða eitthvað í þá áttina.

ALLIR

sem vilja skilja eitthvað eða *hjálpa öðrum að skilja*

Í mínum huga er aðeins einn yfirflokkur: Allir.

Allir nota gögn. Beint eða óbeint. Ef við tölum um beina nýtingu þá eru það allir sem vilja skilja eitthvað (og nota gögn til þess) eða allir sem vilja hjálpa öðrum að skilja, eins og blaðamenn eða vísindamenn eða eitthvað þess háttar.

Þessir sem vilja hjálpa öðrum að skilja er mjög mikilvægur hópur. Jafnvel mun mikilvægari en hinn hópurinn þótt í rauninni sé hann hluti af honum, maður þarf að skilja eitthvað áður en maður hjálpar öðrum að skilja.

Þessi hópur sem hjálpar er kallaður upplýsingamilliliðir, information intermediaries. Þeir hafa, eða ættu að hafa, getuna til þess að skilja gögnin á réttan hátt þótt ég hafi ekki orðið var við það mikið á Íslandi, eins og með 248 kr. máltíðirnar

HVERNIG NÝTAST GÖGN?

Í framhaldinu er þá gott að hugsa hvernig gögn nýtast?

Þarna er ég að hugsa um beinu nýtinguna, ekki þá óbeinu.

GREINING

Ég hugsa um þrennskona nýtingu. Fyrsta er frekar augljós, greining eða túlkun á gögnunum. Þetta eru skýrslurnar og allt það. Þetta er það sem flestir nota gögn fyrir.

Greining á árangri nemenda í skólum sem tekið hafa þátt í Byrjendalæsi

Í tengslum við undirbúning að aðgerðaáætlun um eflingu læsis í kjölfar Hvítbókar, óskaði vinnuhópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir að Námsmatsstofnun skoðaði árangur skóla sem tekið hafa þátt í verkefninu Byrjendalæsi. Drög að greiningunni lágu fyrir í júní sl. en lokahönd var lögð á verkið hjá nýrri Menntamálastofnun í ágúst að fenginni umsögn Háskólans á Akureyri.

Byrjendalæsi er svokölluð samvirk kennsluáferð þar sem lestur, ritun, hlustun, tal og sjónræn viðfangsefni eru tengd saman við lestrarkennslu. Áferðin hefur verið þróuð innan Háskólans á Akureyri og er aðallega ætluð fyrir fyrsta og annan bekk grunnskóla. Fyrstu skólarnir hófu að kenna með Byrjendalæsi haustið 2005. Þátttökuskólum hefur smám saman fjölgað og hefur áferðin nú verið innleidd í um 80 grunnskólum hér á landi.

Við mat á því hverju þátttaka í Byrjendalæsi hefur skilað í frammistöðu nemenda var skoðaður námsárangur nemenda í þeim skólum sem hafa unnið með áferðina í fjögur ár eða lengur en það eru alls 38 skólar. Ein leið við mat á því er að skoða árangur þeirra á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk. Til samanburðar voru notaðir nemendur sömu skóla frá því áður en Byrjendalæsi var tekið upp. Kostur þess að styðjast við þennan samanburðarhóp er að þá hafa báðir hópar svipaðan bakgrunn. Upplýsingar um þessa 38 skóla bárust frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Bórnar voru saman einkunnir nemenda á samræmdum prófum í 4. bekk í hverjum skóla fyrir innleiðingu áferðarinnar við einkunnir ár frá ári eftir innleiðingu. Nánari upplýsingar um uppsetningu gagnasafns og fjölda nemenda sem lágu til grundvallar greiningunni má finna í viðauka. Kannaðar voru einkunnir í íslensku ásamt lesskilningsþætti íslenskuprófs og einnig stærðfræði til viðmiðunar. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 1.

Nýlega var voða umræða um byrjendalæsi. Þar kom eitthvað minniblað frá Menntamálastofnun um að byrjendalæsi skilaði ekki tilætluðum árangri miðað við gögn sem var búið að safna saman.

Gögnin voru gefin út seinna en fyrst þá hafði fólk bara þessa greiningu á gögnunum og umræðan var mikið „jú víst“ - „nauhauts“ - „jú víst“.

Umræðan dó eiginlega þegar Menntamálastofnun gaf út gögnin, hrágögnin á bak við minnisblaðið og þá var miklu erfiðara að sýna fram á að byrjendalæsi væri eitthvað miklu betra.

Þetta er sem sagt greining.

NÝ SÝN


Önnur nýting er að veita aðra sýn á gögn, þ.e. önnur framsetning (þetta er samt allt ákveðin framsetning á gögnunum)

Hvar eru áramótabrennurnar?


Áramótabrennurnar í Reykjavík eru á hefðbundnum stöðum og með svipuðu sniði ár hvert. Á gamlárskvöld 2013 eru þær á þessum stöðum:

- 1) Við **Ægisíðu**, stór brenna.
- 2) **Skerjafjörður** gegnt Skildinganesi 48 - 52, lítil brenna.
- 3) Við **Suðurlíðar**, neðan við Fossvogskirkjugarð, lítil brenna.
- 4) Vestan **Laugarásvegjar** móts við Valbjarnarvöll, lítil brenna.
- 5) **Geirsnaf**, stór brenna.
- 6) Við **Suðurfell**, lítil brenna.
- 7) **Fylkisbrennan** við Rauðavatn, stór brenna.
- 8) **Gufunes** við gömlu öskuhaugana, stór brenna.
- 9) **Kléberg** á Kjalarnesi, lítil brenna.
- 10) **Úlfarsfell** á athafnasvæði Físfélagsins ofan við Lambhagaveg, lítil brenna (tendrað kl. 14.30)

Svona voru áramótabrennur sýndar á vef Reykjavíkurborgar. Textalýsing á hvar maður gæti fundið þær. Góð og gild lýsing og ég man eftir því þegar maður leitaði að þessu í dagblöðum á sínum tíma.



Reykjavíkurborg á samt hnitin, svona svipað og GPS hnit, af öllum brennum. Þau líta svona út. Bara punktar á engu en þetta eru gögnin um staðsetningu brenna. Þarna er hægt að búa til nýja sýn.




Vefsíða eins og hvarerbrenna.is tekur hnitin og teiknar þau upp á kort. Þá getur maður séð nákvæmlega hvar brennan en frekar en að fá lýsingu eins og „Við Ægissíðu“ og þurfa svo að átta sig á því hvar við Ægissíðu þetta er þegar maður kemur þangað.

Það sem hvarerbrenna.is gerir líka er að það óskar eftir að fá að vita hver staðsetningin er hjá þeim sem fer á vefinn og finnur svo nálægustu brennuna út frá þeim stað. Þá þarf ekki heldur að lesa í gegnum allan listann og spögúlera í staðsetningum heldur er manni bara sagt hvert væri best að fara.

Þetta er bara önnur sýn og önnur framsetning, engin sérstök túlkun á gögnunum, bara kort en ekki texti.

Oft er greiningu og myndrænni framsetningu blandað saman.



Hér er dæmi um blöndun á greiningu og myndrænni framsetningu, sem ég myndi sjálfur flokka sem greiningu en þetta er mjög loðið.

Þetta sýnir notkun samheitalyfja og vörumerkislyfja í Bretlandi fyrir ákveðinn sjúkdóm. Vörumerkislyfin eru dýrari og stundum þarf að nota þau því samheitalyfin virka ekki á alla. Þetta tekur ákveðin gögn um þessi lyf og greinir hvar þau eru notuð. Greiningin er svo teiknuð upp á kort þar sem skarpari rauður sýnir meiri notkun á vörumerkislyfinu.

Það er mjög áhugavert að sjá að vörumerkislyfið er notað mikið meira á ákveðnum svæðum. Það ætti að vera tiltölulega jöfn dreifing á þessu yfir landið en það er ekki. Þannig að einhverjir lækna ávísa dýrara lyfi en þeir þurfa og þarna væri hægt að spara milljónir


MONTY PYTHON

Síðasta nýting gagna er það sem ég kalla Monty Python. Þetta er komið frá seríu frá grínhópnum sem hét „And now for something completely different“.

Sem sagt, einhver nýting sem mann óraði ekki fyrir að einhverjum myndi detta í hug

NÝSKÖPUN

Flestir myndu kalla þetta nýsköpun. Ég er hrifnari af Monty Python eða bara „að leika mér“




ÍSLENSKT LYKLABORÐ Í ANDROIDSÍMA

Þetta er íslenska lyklaborðið í Android-síma og eiginlega öllum öðrum sínum. Þetta er þetta hefðbundna QWERTY lyklaborð (sem heitir eftir fyrstu stöfunum í efstu línunni). Þetta var upphaflega búið til fyrir ritvélar og fingrasetningu tengda þeim og var svo fært yfir í tölvur.

Slær einhver hérna inni á lyklaborð á síma eins og á lyklaborð við tölvu eða ritvél?

Við höldum á símanum með öðrum hætti. Við notum þumlanu. Mest notaði stafurinn í íslensku er a. Hvar er a? Á óþægilegasta staðnum, úti í kanti?

Það var heldur ekkert verið að spá í íslenska stafi eins og þ nema örugglega alltof seint. Af hverju er þ við hliðina á bil slánni en svo erum við með Q og W og C og Z sem við notum ekki neitt.



ÍSLENSKT LYKLABORÐ Í UBUNTUSÍMA

Þetta er íslenska lyklaborðið í Ubuntusímanum. Það raðar upp tökkunum þannig að þeir stafir sem við notum mest í íslensku eru á þægilegum stað fyrir þumlana.

Íslenskir stafir eru komnir á betri staði og erlendum stöfum er hópað saman til að taka minna pláss.

Þetta lyklaborð er líka pólitískasta lyklaborð í heimi.

Gögnin sem liggja á bakvið greininguna á stafatíðni og eru líka notuð fyrir orðauppástungur sem koma upp eru nefnilega íslenskar Alþingisræður.

Engum þingmanni myndi detta í hug að það sem hann segir á þingi yrði notað til þess að búa til lyklaborð í síma.

HVAÐ GERIST EF GÖGNIN INNIHALDA VILLUR?

Jæja, skiptum um gír. Hvað gerist ef gögnin innihalda villur?

Skiptir máli hvaða gögn um ræðir?



Hvaða gögn eru notuð skipta máli. Hér er strætóstoppistöð á röngum stað. Hún er í rauninni nær ráðhúsinu. Það er samt ekki hundrað í hættunni að það muni einhverjum metrum.



Það er öllu alvarlegra þegar heilu þjóðríkin marka sér stefnu út frá villum í gögnum eða rangtúlkunum.


Þetta er Thomas Herndon. Hann er fæddur 1985. Í námi sínu við háskólann í Massachusetts Amhurst tók hann eftir því að mjög áhrifarík grein eftir Reinhart og Rogoff, virta hagfræðinga stemmdi ekki. Í henni var talað um að hagvöxtur minnkaði um sirka helming ef ríkið skuldaði meira en 90% af vergri landsframleiðslu. Þessi grein var notuð til að marka stefnur í mörgum þjóðríkjum í kringum efnahagsþrengingar 2008 til þess að réttlæta fókus á að greiða niður skuldir ofar öllu.

Thomas fékk gögnin þeirra og tók eftir að Reinhart og Rogoff höfðu gleymt að taka með nokkur lönd í Excel skjalinu sínu og eitthvað fleira. Það kom í ljós að það er fylgni milli hagvaxtar og skulda en alls ekki eins mikil og Reinhart og Rogoff sögðu.

HVAÐA GÖGN ÆTTU FÁIR AÐ KOMAST Í?

Thomas fékk aðgang að gögnum Reinhart og Rogoff en gögnin voru upprunalega ekki birt með vísindagreininni þeirra. Allir treystu bara að vísindagreinin væri rétt.

Næsta spurning er sem sagt um aðgengi að gögnum. Eiga allir að komast í öll gögn? Eru einhver gögn sem fáir ættu að komast í?



Nú skelli ég mér út á hálan ís með því að segja að einu gögnin sem fáir ættu að komast í eru persónugögn.

Með persónugögnum meina ég persónugreinanleg gögn, þar sem hægt er að komast að því hvaða einstakling er verið að skrá staðreyndir um og líka persónutengd gögn, eins og lykilorð einstaklinga.


Þegar um svona gögn ræðir þá þarf annaðhvort að taka burt persónuauðkenni, dulrita eða draga saman gögn (vinna aðeins með þau) áður en aðrir geta skoðað þau.

Takið eftir að ég tala hvorki um hernaðargögn, leyndarmál eða trúnaðargögn. Það geta verið einhverjar undanþágur en svoleiðis gögn ættu bara að hafa takmarkaðan aðgang þar til leyndin er ekki lengur nauðsynleg.

HVAÐA GÖGN SJÁ OPINBERIR AÐILAR UM?

OK. Síðasta spurningin og sú mest loðna. Hvaða gögn eiga opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög? Með sjá á ég sem sagt við um að þessir aðilar annast skrásetningu staðreyndanna.

Hvaða staðreyndaskráningu sjá opinberir aðilar um?



Þetta eru bara nokkrir flokkar sem ég hef, alls ekki tæmandi. Þeir ættu samt að sýna að innan stofnunar eru oft mörg önnur áhugaverð gögn en þau sem stofnunin vinnur beint með.

Landmælingar Íslands sjá til dæmis um ýmis kort og landupplýsingar, en það eru önnur gögn sem stofnunin hefur eins og þau sem snúa að stjórnun stofnunarinnar. Hversu mikið rafmagn notar stofnunin? Hvað kostar að reka stofnunina? Hvernig er aldursdreifing starfsmanna? Hvar eru mælistöðvar?

Þetta eru ekki gögnin sem stofnunin vinnur mest með, það eru fullt af öðrum gögnum í stofnunni líka.

Jæja. Nú skulum við taka pásu í 15 mínútur.

OPIN GÖGN

Jæja, nú byrjum við aftur.

Ég ætla að byrja á örstuttum spurningum til að koma okkur í gang. Hún er reyndar meira mér til gamans og lærdóms.

Hverjir hérna vita hvað opin gögn eru?

Af þeim sem ekki vita, hvað haldið þið að opin gögn séu?



Harmleikur almennings - The Tragedy of the Commons. Þetta er frasi hagfræðingsins og umhverfisfræðingsins Garrett Hardin.

Lýsir því þegar of margir í þorpinu nota almenningssvæði fyrir kýrnar sínar.

Jafnvel þó ofétið svæði muni valda tjóni í framtíðinni hagnast hver og einn á því að láta eina kú í viðbót borða gras á svæðinu núna.

Svipað og makríldeilan.

<p>Stjórnsýsla Útgjöld, fjárlög, skipurit, orkunotkun, stofnanir, tengiliðir</p> <p>Þjónusta Sophrirða, innganga í skóla, sektir, leyfi, húsnæðisframboð</p> <p>Lýðfræði Atvinnutegundir, tekjur, aldur, húsnæðismál, föst stöðugildi</p> <p>Lýðræði Kosninganiðurstöður, þingmenn, fundardagsetningar</p>	<p>Landupplýsingar Opinberar byggingar, garðar, hjólréiðastígur, stoppistöðvar</p> <p>Umhverfi Loftmengun, vatnsgæði, jarðskjálftar, sýkt land</p> <p>Rauntími Umferð, bílastæði, órekanleg umferðargögn</p> <p>Áætlanir Umsóknir, húsnæðismál, landnotkun, rammaáætlanir, almannavarnir</p>
--	--

Eins og við töluðum um áðan þá safna stjórnvöld fullt af gögnum – sem er ekki slæmt.

Áður fyrr voru þessi gögn ekki aðgengileg fyrir utan stofnunina.

Sum gagnasöfn voru seld fyrirtækjum fyrir miklar summur og sum voru bara ekki aðgengileg jafnvel þótt það myndi hjálpa mörgum.

Öfugt miðað við harmleik almennings þar sem takmörkuð auðlind er ofnýtt er þetta ótakmörkuð auðlind sem er vannýtt.

Michael Heller kallaði þetta tragedy of the anti-commons sem við getum þýtt líka sem harmleik andalmennings – við en ekki svæði

McKinsey Global Institute
McKinsey Center for Government
McKinsey Business Technology Office



October 2013

Open data: Unlocking
innovation and performance
with liquid information

\$3–5,000,000,000,000

McKinsey & Co, Oct 2013

Skýrsla frá McKinsey sem kom út í kringum áramótin 2013/2014 áætla að verðmæti opinna gagna á heimsvísu sé um 3-5 billjarðar, ekki milljarðar, heldur billjarðar dollara á ári í bara sjö geirum.

Ég ætla ekki einu sinni að reyna að setja það yfir í íslenskar krónur.

OPIN GÖGN

Gögn eða efni er talið **frjálst/opið** ef hver sem er má nota gögnin/efnið, endurnota, og dreifa þeim/því – þar sem það er aðeins háð þeim takmörkunum að það þurfi að geta höfundar og/eða dreifa með sömu skilmálum.

Þetta er stutt skilgreining á opnum gögnum. Lengri skilgreiningin fer ofan í þaula á hvaða takmarkanir eru ekki leyfilegar, eins og það megi ekki vera tæknileg hindrun, eins og innskráning eða handvaldir einstaklingar.

Brjótum þetta aðeins niður.

Hver sem er má nota gögnin á hvaða hátt sem er, enginn stjórnar því, má umbreyta gögnunum hvernig sem er og birta/sendu þau hvert sem er.

Það eina sem hægt er að krefjast er að notandinn segi hver höfundurinn er eða að umbreytt gögn verði líka að leyfa það sama.

Það má sem sagt ekki einu sinni biðja fólk um að samþykkja þessa skilmála. Það er takmörkun.


MEGINREGLUR SUNLIGHT

Tæmandi	Fordómalaust
Upprunalegt	Notkun sameiginlegra staðla
Tímanlega birt	Opið leyfi
Auðveldur efnislegur og rafrænn aðgangur	Varanleiki
Véllæsileiki	Enginn notkunarkostnaður

The Sunlight Foundation gaf út 10 meginreglur til þess að opna gögn, byggð á fyrri Sebastopol meginreglunum sem þau notast við sem skilgreiningu á opnum gögnum.

Þetta er aðeins öðruvísi nálgun, þessar reglur lýsa frekar praktískum atriðum frekar en skilgreiningu sem slíkri en það er margt mikilvægt í þessum reglum þeirra.

Tæmandi, upprunalegt, tímanlega birt, og véllæsileiki er allt eitthvað sem er um hvernig gögnin sjálf eiga að vera. Restin er um það hvernig gögnin eiga að vera gerð aðgengileg.




Þetta snýst um að gera gögnin aðgengileg og ekki setja upp neina vegartálma fyrir nýtingu á þeim.

Í staðinn fyrir að safna gögnunum og nota þau svo beint, þá söfnum við gögnunum, deilum þeim með öðrum og allir nota þau.

Þetta fer úr því að rækta kartöflur til eigin neyslu í það að rækta kartöflur, deila þeim með öðrum sem geta líka eldað úr þeim.

Auðvitað væri hægt að selja þær eða bara gefa vinum eða þeim sem eiga gula bíla en það er bara miklu betra að hafa engar svoleiðis takmarkanir.

Írsk stjórnvöld gáfu fullt af kartöflum í hungursneyð og fólk gat þá út frá þeim farið að rækta sínar eigin í garðinum sínum. Það hjálpaði þjóðinni í gegnum erfiða tíma.




Að deila með öðrum hefur líka góð áhrif innan opinberu aðilanna.

Kanadíska héraðið Breska Kólumbía birtir opin gögn í gagnaumsjónarkerfinu sínu á data.gov.bc.ca. Eftir að hafa verið með síðuna í umferð í einhvern tíma greindu þau uppruna IP talna þeirra sem leituðu á síðunni.

Þau komust að því að einn þriðji af notendunum kom innan úr stjórnsýslunni.


Jafnvel þótt notendurnir hafi getað komist í gögnin frá öðrum stöðum var miðlægt svæði mun skilvirkari leið til að finna gögnin. Margir vita ekki einu sinni hvaða gögn kaffistofufélaginn vinnur með dagsdaglega.



Lothar Linde, hagfræðingur sem var að vinna fyrir Þróunabanka Asíu (Asian Development Bank) í verkefninu GMS (Greater Mekong Subregion) og var að skoða kort sem hafði birst í skýrslu bankans sem sýndi umferðarspá í Mekong héraðinu.

Lothar vildi nota undirliggjandi gögnin fyrir sína útreikninga. Það er erfitt að vinna með myndir sem í útreikningum, það þarf að komast í gögnin sem voru notuð til að búa til myndina.

Sama hvað hann reyndi, þá fann Lothar ekki gögnin, jafnvel þótt hann væri að vinna í stofnuninni sem hafði búið til skýrsluna. Hann reyndi að leita að þeim í nokkra mánuði án árangurs. Ef grunngögnin sjálf hefðu verið birt er líklegra að gögnin hefðu verið aðgengileg einhversstaðar.



Við töluðum áðan um persónugögn. Þau eru vanalega aldrei talin með í opnum gögnum.

Stundum er munurinn á persónulegum gögnum og samantektum ekki alveg augljós. Það er frábært að birta ítarleg gögn en samt ekki alltaf hægt.

Ef við tökum til dæmis skráningu í trúfélög sem Þjóðskrá Íslands heldur utan um. Það væri til dæmis hægt að sýna skiptingu eftir sveitarfélögum, póstnúmerum eða jafnvel hverfum, en að birta það eftir götum væru kannski mistök því sumar götur hafa fáa íbúa þannig að það væri hægt að draga ályktanir.

Gagnasöfn gætu innihaldið persónuleg gögn sem „ættu“ ekki að vera þar. Það þarf að athuga hvað er í gögnunum og setja upp góða gagnasannprófanir til að koma í veg fyrir óvænta „leka“.



Í Philadelphiu í Bandaríkjunum er birt kort á Netinu af glæpum í borginni á mjög ítarlegan hátt.

Sumstaðar væri þetta brot á persónuvernd þar sem það er hægt að finna út staðsetningu glæpanna á ákveðin hús. Í Bretlandi eru sambærileg gögn tekin aðeins meira saman áður en þau eru birt en þau eru samt nægilega ítarleg til þess að vera nytsamleg.

Þetta er mat í hvert og eitt sinn, þannig að stundum er ekki hægt að opna hrágögnin heldur þarf að gera samantekt en þá samt eins litla og hægt er

Anonymisation eða ffpersónun er ferlið við að fjarlægja persónulegar upplýsingar úr gagnasöfnum og líka að koma í veg fyrir að það sé hægt að endurheimta persónulegu gögnin, til dæmis með því að skoða önnur gagnasöfn.

HVAÐ SEGJA ÍSLENSK LÖG?

Jæja, nú brjótum við þetta aðeins upp. Ég er með smá verkefni.

Er nóg á Íslandi að setja gögn á Netið og þá eru þau bara opin?

Ég ætla að skipta ykkur í hópa og biðja ykkur um að finna lög sem segja hvort eitthvað á Netinu sé opið eða ekki.

OPIN GÖGN

Gögn eða efni er talið **frjálst/opið** ef hver sem er má nota gögnin/efnið, endurnota, og dreifa þeim/því – þar sem það er aðeins háð þeim takmörkunum að það þurfi að geta höfundar og/eða dreifa með sömu skilmálum.

Hérna er skilgreiningin á opnum gögnum fyrir ykkur.

Ég gef ykkur sirka 10 mínútur.

Jæja hvað segið þið? Funduð þið eitthvað?



Umræða um löginn byrjar á höfundarétti. Ég er sérstakur áhugamaður um höfundarétt og galla þess kerfis en það er allt annað mál.

Gagnasöfn og hugverk fá sjálfkrafa höfundarétt á Íslandi, það þarf ekki að gera neitt til þess að takmarka notkun þeirra.

Þetta er líka svona erlendis og þar hefur. Það er mjög mikilvægt þegar gögn eru birt að gera það augljóst hvernig fólk getur notað gögnin. Það er gert með leyfisskilmálum. Án leyfisskilmála er fólk hrætt við að endurnýta gögnin því hver vill taka áhættuna á málsókn?

Almennt þá gefa skilmálarnir ákveðin réttindi sem aðeins höfundur fær samkvæmt höfundarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.



Lesi



Afrita og dreifa



Endurblanda og endurnota




Breyta

Leyfið getur veitt réttindi til þess að lesa hugverkið (já það eru hugverk eins og hugbúnaður til dæmis sem geta ekki verið lesin þökk sé höfundarétti), afrita hugverkið, dreifa gögnunum án breytinga eða með breytingum, endurblanda við önnur verk og fleira.

Þótt verk sé gefið út undir ákveðnum leyfisskilmálum þá hefur höfundaréttahafinn samt höfundaréttinn þannig að ef skilyrðin eru ekki uppfyllt þá má höfða málsókn (þótt það sé frekar líklegt að um mistök sé að ræða).

Það má síðan gefa ákveðnum notendum enn víðtækari réttindi en öðrum ef maður vill.



Dæmi um skilyrði sem gætu verið sett fram um endurnýtingu gagna getur verið greiðsla (uppáhaldið mitt er bjórleyfið), krafan um að höfundar sé getið, að ekki megi nota verkið í hagnaðarskygni að ekki megi búa til afleidd verk, eða ef afleidd verk eru leyfð að það þurfi að vera sömu dreifingarskilmálar á afleiddum verkum.

Bara krafan um tilvísun og sömu skilmála getur talist opin gögn, ekkert annað og það á ekki að þurfa að samþykkja skilmálana sérstaklega.

Öll þessi dæmi, fyrir utan þetta með gjaldið, er það sem Creative Commons leyfin samastanda af og þá má blanda þeim saman að vild (augljóslega ekki hægt að blanda saman engin afleidd verk og sömu dreifingarskilmálum).

Flókin skilmálablöndun



[Create account](#) [Log in](#)

Article [Talk](#)
Read [Edit](#) [View history](#)

WIKIPEDIA
The Free Encyclopedia

- [Main page](#)
- [Contents](#)
- [Featured content](#)
- [Current events](#)
- [Random article](#)
- [Donate to Wikipedia](#)

Interaction

- [Help](#)
- [About Wikipedia](#)
- [Community portal](#)
- [Recent changes](#)
- [Contact page](#)

Tools

Print/export

Languages

- [Български](#)
- [Català](#)
- [Deutsch](#)
- [Español](#)
- [Français](#)

Open data

From Wikipedia, the free encyclopedia

Open data is the idea that certain **data** should be freely available to everyone to use and republish as they wish, without restrictions from **copyright**, **patents** or other mechanisms of control.^[1] The goals of the open data movement are similar to those of other "Open" movements such as **open source**, **open hardware**, **open content**, and **open access**. The philosophy behind open data has been long established (for example in the Mertonian tradition of science), but the term "open data" itself is recent, gaining popularity with the rise of the **Internet** and **World Wide Web** and, especially, with the launch of open-data government initiatives such as **Data.gov** and **Data.gov.uk**.

Contents [hide]

- 1 Overview
- 2 Major sources of open data
 - 2.1 Open data in science
 - 2.2 Open data in government
- 3 Arguments for and against open data
- 4 Relation to other open activities
- 5 Funders' mandates
- 6 Closed data
- 7 Organisations promoting open data
- 8 See also
- 9 References
- 10 External links



An introductory overview of Linked Open Data in the context of cultural institutions.



Stundum veltir fólk fyrir sér af hverju skilyrðið fyrir því að verkið sé ekki notað í hagnaðarskyni teljist ekki vera opið. Þótt hagrænn ávinningur opinna gagna fyrir fyrirtæki sé mikill þá er það ekki ástæðan. Þetta snýst um að allir eigi að geta endurnýtt, ekki bara þeir sem stunda ekki viðskipti. Það má ekki útiloka neinn hóp.

Svo verður þetta ennþá flóknara þegar óopnu skilyrðin eru notuð í samhengi við þau opnu. Það er til dæmis ekki hægt að setja verk með ófjárhagslega tilgangsskilyrðinu á Wikipedia sem hefur bara tilvísunar- og sömu skilmálaskilyrði því Wikipedia bannar þar með ekki að það megi nota efnið í fjárhagslegum tilgangi.



Svo geta verið aðrar ónauðsynlegar hindranir. Peter Desmet ákvað að hala niður öllum skrásetningum á tilfellum þar sem froskar af tegundinni bullfrog sáust frá Global Biodiversity Information Facility og ætlaði sér að teikna það upp á kort.

Tæknilega var þetta afskaplega auðveld en leyfisskilyrði um að ekki megi nota þetta í fjárhagslegum tilgangi skapaði óvissu fyrir slíka endurnýtingu.

Þessi gögn koma samt frá rannsóknarstofnun sem er að mestu leyti fjármögnuð fyrir opinbert fé. Þannig að stundum geta ónauðsynlega takmarkandi skilmálar komið í veg fyrir rannsóknarvinnu.

30. gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012

Almennir skilmálar fyrir endurnotum opinberra upplýsinga.

Heimilt er að endurnota opinberar upplýsingar sem eru almenningi aðgengilegar lögum samkvæmt, enda séu eftirfarandi skilyrði ávallt uppfyllt:

1. Endurnot upplýsinganna mega ekki brjóta í bága við lög, þ.m.t. ákvæði almennra hegningarlaga, höfundalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða réttindi þriðja manns.
2. Geta skal uppruna upplýsinganna.
3. Skýrt skal koma fram hver ber ábyrgð á vinnslu upplýsinganna þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar.

Þótt höfundalög séu uppruni þess að það þurfi að gera eitthvað sérstakt til þess að leyfa fólki að nota gögn og upplýsingar, þá þurfum við ekki svona leyfisskilmála á Íslandi.

Við erum með upplýsingalögin og þau fela í sér allt sem opin gögn segja til um. Það eina sem þau bæta við er að notandi gagnanna verður að segja hver hann sé sem má mögulega túlka sem takmörkun og að þetta sé þar af leiðandi ekki opið.

Fólk sem notar gögnin kann ekki lögin. Þau vita ekkert hvar á að leita, í höfundalögum? Þar er talað um ákveðin gögn sem eru undanskilin en ekki allar opinberar upplýsingar eins og upplýsingalögin. Í lögum um stofnanirnar sjálfar? Það var lagt fram frumvarp um breytingu á lögum Landmælinga Íslands af því að það gaf góða raun að opna gögnin þeirra. Þetta er samt í upplýsingalögum.

Leiðbeiningar varðandi endurnot opinberra upplýsinga Útgáfa 1.0

Þessar leiðbeiningar byggja á VII. kafla upplýsingalaga nr.140/2012. Einnig var höfð hliðsjón af breska „Open government licence“

Réttthafi upplýsinga/efnis sem þessar leiðbeiningar ná yfir **hvetur alla til að nota og endurnýta þær/það með hvaða hætti sem er.**

Réttthafi upplýsinganna/efnisins (hér eftir kallað „upplýsingarnar“) gefur **ótímabundna heimild til varanlegrar notkunar** upplýsinganna hvar sem er, **án gjaldtöku.** Hann **gefur eftir einkarétt sinn**, sé honum til að dreifa, **að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.**

Þessar leiðbeiningar skerða ekki réttindi sem notandi nýtur nú þegar samkvæmt íslenskum lögum.

Af því að það eru ekki miklar líkur á því að fólk kunni öll lögín þá er mælt með því að það sé sett upp eitthvað sem er svipað og leyfisskilmálar, nema að það er ekki leyfi, af því að það má ekki setja frekari skilyrði á eitthvað sem eru almenni skilmálar í lögum.

Til þess að mæta lögum en líka notendahópnum hefur forsætisráðuneytið nú samþykkt eitt allsherjarskjal sem er næstum því eins og leyfisskilmálar, nema þetta eru bara leiðbeiningar um hvernig megi fylgja lögnum.

Það eru þarna hlutir sem tækla lögín, en betra orðalag eins og að allir eru hvattir til að nota og endurnýta, það á ekki að taka gjald. Þetta síðasta með að gefa eftir einkarétt að uppfylltum skilyrðum þýðir að það á ekki að samþykkja leiðbeiningarnar (hver samþykkir leiðbeiningar?)

„Hvað má“-skilyrðin

Notandi má:

- afrita, birta, senda upplýsingarnar og dreifa þeim,
- aðlaga upplýsingarnar og
- nýta upplýsingarnar, þar með talið í hagnaðarskyni, til dæmis með því að setja þær saman við aðrar upplýsingar eða með því að sameina þær annarri vöru eða hugbúnaði.

Það fyrsta sem talið er upp er hvað má, í staðinn fyrir hvað má ekki. Þetta er í raun bara nánari útskýring á því hvað felst í endurnotkun upplýsinganna.

Með þessu verður það mun skýrara hvað er hægt að gera, frekar en að allir megi leggja sinn skilning í endurnot, er það ekki í fjárhagslegum tilgangi, hvernig virkar samblöndun á mismunandi verkefnum?

„Hvað þarf að passa“-skilyrðin

Notandi verður að:

- **taka fram hver uppruni upplýsinganna er** og mælt er til þess að það sé gert með þeim hætti sem rétthafi upplýsinganna biður um

Ef rétthafinn hefur ekki óskað eftir að uppruni upplýsinganna verði tilgreindur með ákveðnum hætti má nota eftirfarandi tilvitnun: „Byggir á upplýsingum frá“ og nafngreina þar á eftir rétthafa upplýsinganna.

Í þeim tilfellum þar sem upplýsingarnar koma frá mörgum rétthöfum, eru endurnýttar í einu verki og erfitt er að telja þá alla upp, nægir að nota tengil á vefslóð sem inniheldur tilvísun til allra rétthafa upplýsinganna.

Einnig er mælt til þess að vísað sé í þessar leiðbeiningar.

Svo kemur hvað notandinn verður að gera og það er bara að geta höfundar. Hérna fara leiðbeiningarnar yfir það hvernig mælt er með að höfundar sé getið, það er ekki sagt hvernig það eigi að gera það, heldur bara stungið upp á góðri leið til þess því það má auðvitað ekki setja sérstaka skilmála ofan á almennu skilmálana.

Takið sem sagt sérstaklega eftir mælt er til orðanotkuninni sem er gegnumgangandi vegna þessa.

„Láta vita“-beiðnin

Tilkynningar

Ef notandi verður var við að upplýsingarnar hafi að geyma eftirfarandi þætti sem **rétthafi má ekki veita heimild til varanlegrar notkunar á**, er **mælt til þess að notandi geri rétthafa viðvart**:

- persónuupplýsingar
- einkennismerki opinberra aðila eða skjaldarmerki nema þar sem þau geta talist mikilvægur hluti af skjalinu eða gagnasafninu
- réttindi þriðja aðila sem rétthafi upplýsinganna hefur ekki heimild til að veita aðgang að
- efni undir öðrum hugverkarétti eins og einkaleyfi, vörumerki eða hönnun
- auðkennandi skjöl, svo sem vegabréf

Næst á eftir heimildum notanda og skilyrðinu er tilkynningarkafli sem höfðar til bæði þeirra sem birta efnið og þeirra sem nota efnið.

Fyrir þau sem birta efnið, opinberu aðilana, er talið upp hvað gögnin eiga alls ekki að innihalda, sem sagt hvað þarf að passa upp á að sé ekki gert aðgengilegt.

Fyrir þau sem nota gögnin er bara mælt til þess að þau láti vita að það hafi komið upp óhapp.

Þarna er enn vafaatriði um hver er ábyrgur fyrir því að eitthvað sem þriðji aðili á höfundarétt að er óvart gefið út án þess að það sé heimild fyrir því, væri þá hægt að höfða mál gegn opinbera aðilanum og þeim sem endurnýtir gögnin?

„Engin tengsl“-útskýringin

Ekkert samþykki

Notkun upplýsinganna gefur notanda hvorki heimild til þess að gefa til kynna að hann sé í opinberri stöðu né að rétthafi hafi samþykkt notkun hans á upplýsingunum sérstaklega.

Á eftir tilkynningunum er kafli um að þó svo að einhver noti gögnin þá þýðir það ekki að sá aðili sé að vinna sérstaklega fyrir opinbera aðilann. Þetta er bara einhver að nota gögnin.

Frekar einfalt og bara til þess að reyna að koma í veg fyrir að einhver villi á sig heimildir (sem hver sem er getur svo sem alveg reynt, óháð því hvort það sé verið að nota opinber gögn eða ekki).

Samt gott að hafa svona með.

„Petta eru bara gögn“-útskýringin

Engin ábyrgð

Upplýsingarnar **veita notanda ekki heimild til framkvæmda eða aðgerða sem annars eru ólöglegar eða þarfnast sérstakra leyfa.**

Rétthafi upplýsinganna er undanskilinn fyrirsvári, ábyrgð, skyldum og skaðabótum í tengslum við upplýsingarnar að því marki sem lög leyfa.

Rétthafi upplýsinganna **ber ekki ábyrgð á villum eða vanskráningu í upplýsingunum** og er ekki ábyrgur fyrir neinu tjóni, meiðslum eða skaða sem hlýst af notkun þeirra. Rétthafi upplýsinganna ábyrgist ekki áframhaldandi aðgengi að upplýsingunum.

Síðan kemur í rauninni það fyrsta sem við gerum öðruvísi en flestir svona leyfisskilmálar sem þetta svipar til. Við tókum sérstaklega fram að það er engin heimild fólgin í þessum gögnum.

Það eru nokkrir sem birta opin gögn í dag en vilja sérstaklega taka það fram að það megi ekki horfa á gögnin sem tóman tjékka. Þetta eru hlutir eins og að þótt Landmælingar Íslands hafi veg á kortinu sem er samt ekki vegur í dag, þá þýðir það ekki að það megi stunda utanvegaakstur bara af því að vegurinn ætti að vera þarna. Sömuleiðis má ekki byrja að grafa þótt Reykjavík sýni með gögnum hvar vatnsrör og svoleiðis eru.

Þetta eru sem sagt leiðbeiningarnar sem er mælt með að allir noti núna, til þess að auðvelda notkun og útskýra fyrir birtingaraðilum og notendum hvað má og hvað má ekki. Jæja. Tökum núna pásu.

ENDURNOT

Velkomin aftur. Áðan ræddum við um hvað felst í endurnotum, sem er í rauninni það sem opin gögn snúast um.

Núna ætla ég að skoða endurnot frá öðrum vinkli. Ekki hvað þau eru, heldur hvað þau þurfa.



Ég ætla samt að byrja á því að fá ykkur til að standa upp, þó svo að þið hafið verið að koma úr pásu.

Ég ætla að fá ykkur til að vera mannlegt skoðanaróf. Hérna á milli er ákveðið róf, í einum endanum er „100% já“. Í hinum endanum er „100% nei“.

Ég ætla svo að lesa upp staðhæfingar og út frá staðhæfingunum komið þið ykkur fyrir á rófinu, einhversstaðar á milli 100% já og 100% nei. Þið getið t.d. reynt að miða út til dæmis 70% já ef þið eruð ekki alveg sammála en samt frekar mikið sammála.

Þið megið líka búast við því að ég spyrji einhver ykkar spurninga til að forvitnast um af hverju þið staðsettuð ykkur á ákveðnum stað.

„Ég hef lært fullt á þessu námskeiði“

Prófum eina staðhæfingu bara til þess að sjá hvernig þetta virkar.

**„Ég er ekki með nein áhugaverð
gögn“**

OK. Nú kemur alvaran. Fyrsta staðhæfing.

**„Ég er besti aðilinn til að vinna með
gögnin mín“**

**„Gögnin mín eru ekki nógu góð, t.d.
hvað varðar gæði, til að aðrir geti
notað þau“**

**„Ég kann og get notað gögnin mín
með allskonar tólum“**

„...“

Nú megið þið koma með einhverjar staðhæfingar. Er eitthvað sem þið mynduð vilja sjá hvaða skoðun eða sýn aðrir hafa í tengslum við opin gögn.

Við gerum kannski tvær þrjár svona frá ykkur.

„Ég veit hvað véllæsilegt er“

Svo lauma ég inn einni hérna í lokin. Ég veit hvað véllæsilegt er.

	A	B	C	D	E	F	G	H	I
1		Landgrabber	re	ct	Hectares	duct	ed investment	Status of deal	<p>Summary</p> <p>On 21st February 2009, the company told Le Monde that it had acquired concessions covering 31,000 ha of agricultural lands in Algeria where it intends to produce potatoes, olives and dairy. It also said that it was planning to set up a joint venture with Moroccan investors to produce olive oil on 14,000 ha in Morocco. In September 2009, The National reported that Al Qaeda was responsible for the attack in Rabat. Syria, Myanmar, the Angolan government had approved CAMCE's proposed project to construct a rice mill in Longa and establish a 1,500-ha pilot rice farm in</p> <p>The project is a joint venture between Sonangol, an Angolan state-owned company responsible for the exploration, production and transportation of hydrocarbons in Angola, and ENI, one of the world's largest oil companies. In December 2011, the two companies signed an agreement for the execution of a pilot project in food and bioenergy production.</p> <p>company acquired a 20-year lease on 5,000 ha of land near the city of Inharrim in Beira Province, Mozambique. It intends to expand it</p> <p>to 10,000 hectares and produce 1,000 tonnes of rice annually. Plant accounts for</p>
2		Al Qudra	E	r	31000	live oil, potatoes		Done	
3		neering Co. Ltd	a	u	1500		US\$77 million	Done	
4		ENI	y	E	12000	Oil palm		In progress	
5		AfriA	a	r	5000	palm	\$30-35 million	Done	
6		Eurico Ferreira	a	I	30000	Sugar cane	US\$200 million	Done	

Þó svo að gögn séu á tölvutæku sniði þá þýðir það ekki að þau séu véllæsileg. Sumt er hannað með það í huga að mannfólk geti horft á það á skjánum en tölvan getur ekki með nokkru móti skilið hvað er að gerast nema að einhverjir punktar eiga að vera í einhverjum litum.

Tölvur eru afskaplega heimskar. Þær gera bara nákvæmlega það sem þeim er sagt og ekkert annað. Forritun er bara leið til að segja þeim nákvæmlega hvað á að gera og stundum tekst það ekki sérlega vel.

Með orðinu véllæsilegt er átt við að sé hægt að smíða reglu til þess að skilja upplýsingarnar. Að segja tölvunni nákvæmlega hvernig hún á að gera eitthvað.

Blendingsmál (pseudocode)

Ef setning = „open data“:
 Skrifa á skjáinn „opin gögn“
En ef setning = „public data“:
 Skrifa á skjáinn „opinber gögn“
Annars:
 Skrifa á skjáinn „veit ekki“

Eitt af því sem forritarar nota þegar þeir eru að tala um eitthvað sem forrit á að gera er að nota pseudocode sem heitir á íslensku blendingsmál.

Þetta er ekki forritun, heldur bara leið til að skrifa upp hvað gerist á eftir hverju, svona eins og við værum tölvur sem fylgjum bara leiðbeiningum. Þetta er þar af leiðandi mjög einfaldað mál svo það sé skýrt hvað eigi að gera, eitthvað sem lagafrumvörpum hefur ekki tekist að gera.

Hérna sjáum við dæmi um hvernig þetta myndi virka. Það er greinilega einhver setning sem við heyrum og við þýðum hana yfir á íslensku en við kunnum samt bara að þýða tvær setningar.

Svona hjálpar okkur að hugsa hvað er véllæsilegt.

Styrkveitingar

„veittirstyrkir.csv“

```
"Ár";"Afturelding";"Kyndill";"Kjölur";"Hörður";"Mosverjar"  
"2014";1000;2000;3000;4000;5000  
"2015";6000;7000;8000;9000;10000
```

Veittir styrkir til æskulýðs- og íþróttamála 2013-2017

Núna verð ég smá leiðinlegur og nota Mosfellsbæ sem dæmi þótt þau séu núna það frábær að þau hafa opnað gögnin sín. Þau settu gerðu gögn svipuð þessum opin og ég er mjög ánægður með þau, þótt það megi gera betur því þetta er hugsað meira fyrir mannfolk, auðvelt að gera sum() í Excel.

Reynum að teikna upp blendingsmál fyrir forrit sem hjálpar okkur að taka saman heildarstyrki til ákveðins félags.

Til að gera þetta einfaldara þá gerum við ráð fyrir að uppröðun dálkana, það er dótsins milli semikommana breytist aldrei þannig að ef nýtt félag bætist við eins og Motomos þá fer það aftast. Fyrir hverja röð getum við líka sagt röð.2 til þess að fá dálk 2 (það er textann á eftir fyrstu semikommunni).

Styrkveitingar


„veittirstyrkir.csv“

```
"Ár", "Félag", "Upphæð"  
"2014", "Afturelding", 1000  
"2014", "Kyndill", 2000  
"2014", "Kjölur", 3000  
"2014", "Hörður", 4000  
"2014", "Mosverjar", 5000  
"2015", "Afturelding", 6000  
"2015", "Kyndill", 7000  
"2015", "Kjölur", 8000  
"2015", "Hörður", 9000  
"2015", "Mosverjar", 10000
```

Hérna er öðruvísi uppsetning á sömu gögnum, reynum núna að teikna upp blendingsmál til að gera sama og áðan. Eins og áðan megum við gera ráð fyrir að dálkaröðin breytist aldrei en takið eftir að hérna myndi nýtt félag koma í nýjar línur.

Þarna sjáum við hvernig öðruvísi uppsetning, þótt hún taki meira pláss og geri sum() í Excel erfiðari fyrir mannfolk, þá er hún miklu auðveldari fyrir tölvur.


Ég breytti öðru milli skjala. Fyrra skjalið var með semikommu á milli dálka, hitt var með kommu. Bæði skjölin eru csv skrár (comma separated value). Á Íslandi er semikomma notuð af því tölur nota kommur fyrir aukastafi í íslensku ritmáli. Tölvur vita ekki hvort einhver skrá er með íslensku ritmáli eða ekki þannig að já, ekki gera það. Notum csv eins og það er. Með kommu og punktum í aukastafi



Þetta snýst um skráarsnið. Gögn geta verið á ýmsum sniðum. Töflureiknis skjöl geta til dæmis verið vistuð sem svona CSV skrár, XLS skrár, ODS skrár og eitthvað annað. Myndir geta verið í JPG, PNG, GIF eða einhverju öðru. Þegar skráarsnið er valið þarf að íhuga þrjár spurningar:

- 1) Er það auðvelt að draga út mótun gagnanna
- 2) Er gagnasniðið opið, þ.e. notar það opin staðal sem mikið af hugbúnaði styður og
- 3) Er sniðið stöðugt – giska á hvort gögnin verði læsileg eftir 10 ár


Stöðugt, mótuð og opin snið eru þau sem ýta undir hvað mesta nýtni gagnanna. Dæmi eru CSV fyrir töflur, Shapeskrár fyrir landupplýsingar, JSON eða XML fyrir önnur mótuð gögn og hefðbundin textaskrá eða HTML fyrir skjöl. Töflur í .doc skrá, PDF skrá eða jafnvel myndaskrá eru eiginlega bara ónothæfar.



Það gæti verið að ég hafi hrætt ykkur þíngulítið með þessum frumskógi af véllæsileika og skráarsniðum. Þetta er eitthvað sem er mjög erfitt að kenna í einum rykk. Þetta lærist smátt og smátt en er samt eitthvað sem maður hugsar út í út frá sínum eigin gögnum. Landupplýsingakerfi Reykjavíkur hugsar aðallega um hentug skráarsnið fyrir landupplýsingar og hvernig sé best að setja upp gögnin á því sniði.

Það er eiginlega betra að gera bara eins og Mosfellsbær gerði, gefa gögnin út og vera svo tilbúin til að hlusta á það sem gagnagrúskarar hafa að segja. Það er betra að láta vaða heldur en að bíða þangað til allt er fullkomið.

Innanríkisráðuneytið vill bjóða ykkur að hafa aðgang að mér sem ráðgjafa ef þið viljið fá hjálp við að opna ykkar gögn. Meira um það á eftir.




Mynd <http://xkcd.com/1195> (cc-by-nc)

Sem sagt, gefið bara gögnin út. Takið fyrsta skrefið. Það má svo vinna í því að koma útgáfunni í reglulegt ferli eða verklag.

Svleiðis ferli er komið upp til þess að tryggja að gögnin séu birt, séu nægilega nákvæm, aðgengileg á nothæfum sniðum og birta ekki persónulegar upplýsingar.

Það eru dæmi um það að með því að opna gögnin þá verða bæði þau sjálf betri og innanhússferlar. Sem sagt opin gögn eru meira en bara enn einn hluturinn sem stjórnvöld þurfa að gera. Opin gögn geta umbreytt ferlum sjálfrar stjórnarsýslunnar – bæði breytt samskiptum við borgara ásamt lagfært innahússferla eða gögnin nýst betur innanhúss.



Sem dæmi þá gæti verkefni til þess að auka gæði birtra gagna þýtt að það þurfi að skoða hvernig gögnum er safnað og hvernig þau eru meðhöndluð innan stofnunarinnar. Þá þarf að skoða heildarferlið.

Eru einhverjar breytingar sem hægt er að gera sem leiða til betri, meira tæmandi og samræmdari gagna? Ef eitthvað eitt teymi notar töflureiknisgjafi og sérsníðar það mikið að sínum eigin þörfum, er hægt að setja ferlið upp þannig að þær breytingar séu gerðar eftir að birtingarútgáfan er útbúin og þannig opnað möguleika á að aðrir innanhúss geti notað gögnin?



Ef ferlið er tekið alvarlega þarf að hugsa vel út í ýmislegt og byrja á því að spyrja:

Hvert er markmiðið? Markmiðin geta verið aukið gagnsæi, aukin þátttaka borgara, aukin atvinnutækifæri og skilvirkari samkeppni eða eitthvað þess háttar.

Svo þarf að spyrja sig hvernig þessi markmið verða metin.

Bara að benda á að þetta er alls ekki það sem þarf að gera til að opna gögn. Þetta er ef maður ætlar sér að útfæra það í ferlum, sem eru framtíðarmúsík fyrir flesta.



Höldum samt áfram.

Næst þarf að skoða hverjir hagsmunaaðilarnir eru.

Hverjir koma að kartöfludeiliahagkerfinu okkar. Það gætu verið innlend fyrirtæki, ýmis samtök, borgarar eða jafnvel samstarfsfólk.

Reynið að tala við sem flesta hagsmunaaðila til að finna út hvað þeir myndu vilja fá út úr gögnunum ykkar.

Eftir það þarf að skoða hvaða áhrif það hefur á verkefnið. Það gæti kallað á breytingar á gögnunum eða sniðinu, hvaða lýsigögn eru nauðsynleg, tíðni birtingar eða hvernig gagnasöfnun er háttað, hvaða starfsmannþjálfun er nauðsynleg og þess háttar.



Að lokum þarf að ákveða hver stýrir verkefninu.
Kannski þarf að búa til nýja stöðu.

Hlutir sem þarf að íhuga í þessu eru til dæmis
sannvottun/endurskoðun gagnanna, ákveða
birtingartölvukerfið fyrir gögnin, setja upp ferlin fyrir
birtinguna, þjálfa starfsfók, setja upp vöktunarkerfi
og fleira í þeim dúr.

Þess fyrir utan þarf auðvitað tryggja samskipti bæði
innan húss og utanhúss um markmiðin og
væntingar.

Þetta er sem sagt eitthvað til að stefna að en það er
alveg nóg að byrja bara smátt. Setja eitthvað á
Netið, sjá til þess að fólk finni það og hlusta svo á
hvernig væri hægt að bæta útgáfuna.

STEFNUR

Aðgangur að opinberum upplýsingum og gagnagrunnum í öndvegi.

Almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að ópersónubundnum upplýsingum og skráum í vörslu ríkis og sveitarfélaga. Mótuð verði stefna ríkis og sveitarfélaga um opin gögn og sett upp ein gátt fyrir aðgang að slíkum gögnum/gagnagrunnum.

Opna þarf gögn borgarinnar eins og hægt er til að gefa öllum færi á að rýna þau og nýta sér þau á nýstárlegan hátt sem borgin sér ekki sjálf fyrir eða leggur ekki út í.

- Upplýsingar, þ.m.t. fjárhagsupplýsingar, séu aðgengilegar á opnum gagnasniðum á tölvutæku formi eftir því sem við verður komið. Miðlægur listi yfir öll slík gagnasöfn sé einnig aðgengilegur.
- Opin gagnasöfn skulu vera á stöðluðu og viðurkenndu formi svo þau nýtist sem flestum við að skapa ný verðmæti úr upplýsingum með því að nýta þau á margvíslegan hátt.
- Opin gögn séu ósúð, nema að því marki sem nauðsynlegt er til að þau séu í samræmi við kröfur laga, til að mynda persónuverndarlög.
- Aðgangur að opnum gögnum sé almennt gjaldfrjál. Kostnaður sé bundinn við það sem til fellur við að taka saman gögnin.
- Endurútgáfa og dreifing opinna gagna sé frjál.

Stefnur eru svo annað fyrirbæri sem segja hvert við viljum fara. Þær eru sem sagt yfirborðskenndari en ferlin en ferlin og verkefni eru mótuð út frá stefnunni.

Þetta er brot úr þeim tveimur íslensku stefnum sem nefna opin gögn. Þetta er ekki allt sem sagt er um opin gögn en gefur tóninn.

Efri er úr Vöxtur í krafti netsins sem er stefna ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016.

Neðri er úr upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar. Það er mjög áhugavert í því að sjá að Reykjavík áttar sig á að það er hægt að auka þjónustu án þess að leggja út í stór verkefni, aðrir geta komið að borðinu og nýtt gögn sem hafa verið opnuð til að auka verðmæti.



Eitt sem er mjög áhugavert að skoða og stefnt er að fyrir næsta ár er að halda svokallað hakkapon þar sem fólk kemur og keppir yfir helgi í því að búa til bestu lausnina út frá opnum gögnum.

Þetta hefur verið gert í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og þar þekkt sem Hack4Sweden eða hvaða land sem það er. Þa koma opinberir aðilar saman og skipuleggja svoleiðis hakkapon, koma með gögnin sín, leggja í púkk fyrir verðlaunum og sjá svo hugmyndaríkt fólk gera virkilega áhugaverða hluti með gögnin þeirra.


Við stefnum á að halda Hack4Iceland á næsta ári og það væri gaman að heyra hver ykkar hefðu áhuga á því að taka þátt með okkur í því. Við stefnum á sama tíma á því að veita opinberum aðila verðlaun fyrir að vera bestur í opnum gögnum.



Mynd eftir Loughborough University Library á Flickr.com (cc-by)

Bókasöfn á Íslandi eru aðgengileg í gegnum Gegni. Gegnir inniheldur ekki neinar bækur en hefur mikilvægar upplýsingar um bækurnar, titil, höfund, staðsetningu og fleira. Þessar upplýsingar kallast lýsigögn, gögn um gögn. Bókaunnendur eyða ekki miklum tíma í að lesa Gegni, nema einhverjir nördar kannski, en bókasöfnin væru tímafrek eða gagnslaus án þeirra. Gögn koma líka með lýsigögnum og góð lýsigögn eru mikilvæg ef gögnin eiga að vera eins nyttsamleg og hægt er.

Tökum sem dæmi gagnasafn sem sýnir búsetu eftir svæðum á Íslandi. Lýsigögn þess myndu svara spurningum eins og: Hvað er hægt að finna í gögnunum? Hvernig var gögnunum safnað saman? Hvaða ár eiga gögnin við um? Hversu oft eru gögnin uppfærð? Hvern ætti að hafa samband við með fyrirspurnir um gögnin? Eins og með bækur leyfa lýsigögn flokkun og leit að gögnum.



Að birta gögn einhversstaðar á vefsíðu er ekki sérlega nytsamlegt. Einhver sem myndi vilja komast í gögnin gæti kannski aldrei fundið þau eða jafnvel ekki áttað sig á því að þau séu til.

Gagnagátt eða gagnaumsjónarkerfi er skrásetningartól með umfangsmikilli leit í öllum gagnasöfnum sem birt eru í kerfinu.

Gagnagáttirnar þurfa ekki endilega að geyma gögnin sjálf, það má líka alveg nota gáttina til þess að birta tengil á gögnin sjálf á vefsíðu sem gögnin eru.

Við erum samt að fara fram úr okkur. Við ætlum að taka fyrir gagnaumsjónarkerfi eftir pásu. Tökum 15 mínútna pásu.